



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 27. júní, 2008

Ákvörðun nr. 38/2008

Samruni VGK-Hönnunar hf. og Rafhönnunar hf.

1.

Þann 7. mars 2008 barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá þar sem tilkynnt var um samruna VGK-Hönnunar hf. (hér eftir VGK-Hönnun) og Rafhönnunar hf. (hér eftir Rafhönnun). Samrunaskráin tekur mið af viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.¹ Í samrunaskránni kemur m.a. fram að félögin muni verða sameinuð undir nýju nafni á grundvelli XIV. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Þá fylgdu með samrunaskránni ýmis gögn um samrunann, þ. á m. undirrituð samrunaáætlun, dags. 1. janúar 2008, greinargerðir stjórnra félaganna, auk ársreikninga samrunaaðila fyrir árið 2006 þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu félaganna.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er um að ræða samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga, og fellur þessi samruni undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Með bréfi, dags. 3. apríl 2008, tilkynnti Samkeppniseftirlitið að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

2.

Í samrunatilkynningu segir að tilgangur VGK-Hönnunar sé að vera alhliða ráðgjafar- og þjónustufyrirtæki á sviði þekkingar og tækni, sem og að stunda rekstur verkfræðistofu og annan skyldan rekstur. Starfsemi VGK-Hönnunar sé skipt í fimm kjarnasvið, þ.e. iðnað, orku, byggingar, framkvæmdir og rannsóknir og umhverfi, samgöngur og veitur. Segir að tilgangur Rafhönnunar sé einnig að starfrækja ráðgjafarþjónustu, svo og rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Áhersla sé lögð á ráðgjöf á sviði rafmagnsverkfræði en starfsemi skiptist í fjögur meginstarfssvið, þ.e. byggingar, iðnað, orkuvinnslu og fjarskipti.

3.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að stjórnir félaganna hafi samþykkt samrunaáætlun vegna samrunans þann 29. febrúar 2008. Enn fremur segir að samrunaáðilar hafi litið á samrunann sem æskilega þróun þar sem talið hafi verið að starfssvið hvors fyrirtækis um sig gerði félögin að betri heild. Að mati samrunaáðila ætti sameinað félag að geta veitt viðskiptavinum fjölbreyttari og heildstæðari þjónustu.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



Starfsemi samrunaaðila felst í ráðgjafarþjónustu og rannsóknum á sviði verkfræði og rekstri verkfræðistofu, sbr. samrunatilkynningu. Starfa félögin því á sama markaði.

Að mati samrunaaðila er viðkomandi þjónustumarkaður markaður fyrir verkfræðiráðgjöf eða sala á verkfræðiþjónustu. Samrunaaðilar telji einnig að markaður málsins nái a.m.k. til landsins alls og jafnvel út fyrir það.

4.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Samruni VGK-Hönnunar og Rafhönnunar flokkast undir láréttan samruna í skilningi samkeppnisréttar þar sem starfsemi beggja aðila er á sama sölustigi. Að mati Samkeppniseftirlitsins mun samlegðaráhrifa samrunans sem fjallað er um í ákvörðun þessari fyrst og fremst gæta í starfsemi félaganna við sölu á verkfræðiþjónustu. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa hins vegar ekki til kynna að samruninn muni, sem slíkur, hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif.

Í máli þessu er þó rétt að líta til félagsins HRV ehf. Það félag er í eigu VGK-Hönnunar, Rafhönnunar og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. og felur í sér samvinnu þessara aðila á sviði stóriðjuverkefna. Eigendur HRV eru öflugir aðilar og með samruna þessum hefur átt sér stað samþjöppun á markaðnum. Í ljósi þessa kann að vera ástæða til þess að taka til skoðunar í öðru máli hvort samvinna og hagsmunatengsl sem leiða af HRV geti raskað samkeppni í skilningu 10. gr. samkeppnislaga í verkfræðiþjónustu hér á landi.

Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna VGK-Hönnunar og Rafhönnunar á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með samningi, dags. 1. janúar 2008, voru félögin VGK-Hönnun hf. og Rafhönnun hf. sameinuð í eitt félag. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

